

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012,
stækkun þéttbýlis í Fellabæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012, frá 11. febrúar 2001.

Breytingin felst í því að þéttbýlissvæðið stækkar úr um 146 ha í 157,73 ha. Hluti svæðisins eða 6,51 ha er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, íbúðarsvæði, opið svæði til sérstakra nota og frístundabyggð en 5,22 ha sem landbúnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fljótaldalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2006